



Embætti landlæknis	
Skj.fl.	2.2.0
23. okt. 2020	
Ábm.	JMV-ABA-STÆPS
Málsnr.	2010228

Reykjavík 29.9.2020

Landlæknisembættið, ✓  
Katrínatúni 2, 105 Reykjavík.

Heilbrigðisráðuneytið,  
b.t. Guðrún W. Jensdóttir, lögfræðingur,  
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík,

**Varðandi: Viðurkenningu á hæfi meinafræðideildar innan rannsóknþjónustu á þjónustusviði Landspítala til að bjóða sérnám í meinafræði (e. histopathology).**

Með tilvísan í 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og til starfsreglna nefndarinnar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. júní 2016, vill mats- og hæfisnefndin tilkynna að á fundi nefndarinnar þann 28.09. 2020 var ákveðið að viðurkenna áfram með formlegum hætti allt að tveggja ára upphafssérnám í meinafræði (vefja- og frumumeinafræði, e. histo- og cytopathology) sem gæti farið fram á meinafræðideild og tengdum einingum/deildum Landspítalans. Nefndin skal samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir slíkt sérfræðinám.

Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af fyrirliggjandi marklýsingu sem byggir á alþjóðlegum leiðbeiningum um sérnám í meinafræði. Námið hófst haustið 2016 í samræmi við eldri gerð marklýsingarinnar, en nýrri gerðin var lögð til grundvallar haustið 2017.

Mats- og hæfisnefndin hefur rætt við forsvarsmenn og kennslustjóra námsins. Ekki þykir ástæða til að fá endurnýjaðar umsagnir stjórnar Félags íslenskra rannsóknarlækna, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum, forstöðumanns fræðasviðsins í meinafræði við Læknadeild Háskóla Íslands eða umsögn Embættis Landlæknis, með tilvísan í 3. mgr., 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015, enda ekki orðið neinar breytingar á sérnámsferlinu frá fyrri viðurkenningu. Tveir fulltrúar og ritari nefndarinnar heimsóttu meinafræðideild Landspítalans þann 20.05.2020, ræddu námsferlið og aðstæður á meinafræði- og réttarlæknisfræðideild Landspítalans við forsvarsmenn námsins. Einnig var rætt við tvo fulltrúa sérfræðilækna og tvo sérnámslækna auk starfsnámslækna sem eru við nám þar. Meðfylgjandi lýsing á þeirri úttekt er send meinafræðideildinni, Heilbrigðisráðuneytinu, Landlæknisembættinu og öðrum með beina aðild að náminu til kynningar og hún er fánaleg hjá nefndinni. Viðmið nefndarinnar vegna matsins


taka mið af dönskum og breskum/evrópskum vinnuvenjum og reglum varðandi úttektir á námsstöðum. Í matinu er fjallað um námsaðstæður, þ.m.t. mönnun, umfang og inntak starfseminnar á meinafræðideild Landspítalans, vinnufyrirkomulag, faglega fundi, kennslu, námstækifæri og leiðsögn sem námslæknar fá, auk samvinnu við aðrar stofnanir og deildir spítalans og önnur skyld atriði. Athugasemdir frá mats- og hæfisnefnd hafa verið kynntar forsvarsmönnum námsins.

Nefndin viðurkennir hér með meinafræðideild innan rannsóknþjónustu á þjónustusviði Landspítala sem kennslustofnun í þessari sérgrein læknisfræðinnar. Um er að ræða allt að tveggja ára upphafssérnám í meinafræði (vefja- og frumumeinafræði) með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015. Námið er miðað við mest 4 stöður sérnámslækna á deildinni. Námið er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala. Viðurkenningin tekur ekki til náms í undirsérgreinum. Sérnáminu mundi ljúka við viðurkennda erlenda stofnun í sérgreininni skv. ákvæðum reglugerðar nr. 467/2015.

Endurmat þessarar viðurkenningar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. vorið 2024, en verður væntanlega endurskoðað vorið 2022 með tilliti til matsniðurstaðna.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis.

Virðingarfyllt, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,



Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015.

*Afrit:*

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala

Hrund Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri, menntadeild, Landspítala

Jón Hilmar Friðriksson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, Landspítala

Bjarni Agnarsson, prófessor og forstöðumaður fræðasviðsins meinafræði, Læknadeild Háskóla Íslands

Jón Gunnlaugur Jónasson, prófessor og yfirlæknir, meinafræðideild, rannsóknasviði, Landspítala

Lárus Jónasson, sérfræðilæknir og kennslustjóri, meinafræðideild, rannsóknasviði, Landspítala

Anna Margrét Jónsdóttir, sérfræðilæknir, formaður Félags íslenskra rannsóknalækna

Engilbert Sigurðsson, prófessor, deildarforseti Læknadeildar Háskóla Íslands

Reynir Arngrímsson, formaður, Læknafélagi Íslands



## **Matsheimsókn mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð 467/2015;**

### **- vegna sérnáms í meinafræði.**

**Meinafræðideild, Rannsóknþjónusta, Þjónustusviði, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Reykjavík.**

**Dagsetning heimsóknar:** 20. maí 2020

**Úttektaraðilar frá Mats- og hæfisnefnd:** Reynir Tómas Geirsson (RTG), Kristín Huld Haraldsdóttir og Jónína Sigurðardóttir, staðgengill ritara nefndarinnar.

**Staðsetning:** Landspítali-háskólasjúkrahús (LSH), fundarherbergi á Meinafræðideild við Barónsstíg.

**Viðmælendur:** Lárus Jónasson, sérfræðilæknir/kennslustjóri, Bjarni Agnarsson prófessor/sérfræðilæknir og forstöðumaður fræðasviðsins meinafræði við Læknadeild Háskóla Íslands, og Jón Gunnlaugur Jónasson prófessor og yfirlæknir á meinafræðideild þjónustusviðs LSH. Að auki voru Pétur Guðmann Guðmannsson, sérfræðilæknir á réttarlæknisfræðieiningu og Anna Margrét Jónsdóttir, formaður Félags íslenskra rannsóknalækna viðstödd. Sérfræðilæknar og handleiðarar sem rætt var við voru Jurate Ásmundsson og Sverrir Harðarson, og sérnámslæknarnir Sólveig K. Guðnadóttir og Haukur Einarsson, ásamt starfsnámslækninum Ölmú Rut Óskarsdóttur.

### **Um úttektina, aðstæður og kennslu á meinafræðideildinni**

Tilfni nýrrar úttektar var endurmat á meinafræðideildinni en tvö ár eru síðan deildin var samþykkt sem fullgildur námsstaður fyrir tveggja ára sérnám í meinafræði fyrir allt að fjóra sérnámslækna (15.5. 2018). Aðstaðan var ekki skoðuð en það var gert í síðustu matsheimsókn og engar stærri breytingar hafa orðið þar á. Alls hafa þrjú sérnámslæknar klárað námsferli samkvæmt marklýsingu og eru komnir í framhaldssérnám erlendis.

Tveir sérnámslæknar eru nú í formlegu prógrammi og von er á tveimur í viðbót, öðrum í haust 2020 og öðrum næsta vor 2021. Deildarlæknir með læknisfræðimenntun frá Ungverjalandi vinnur á deildinni, en er ekki í formlegu sérnámsferli.

### **Viðræður við forsvarsmenn sérnámsins.**

Forsvarsmenn námsins töldu að námið hafi gengið vel fyrir sig. Kennslan sé orðin hluti af daglegu starfi („sérfræðimenningu“) deildarinnar. Kennslan sé orðin markvissari og farið sé á skipulagðan hátt í gegnum námsefnið og allt vinnuferlið í starfi meinafræðideildarinnar, þ.e.a.s. frá móttöku sýna til svörunar, ásamt öðrum skyldum atriðum í starfsemi deildarinnar. Í heild eru 11 sérfræðilæknar með mismunandi sérhæfingu starfandi innan greinarinnar og á deildinni og hafa alls 7 þeirra farið á handleiðaranámsskeið.

Sérnámslæknarnir sem byrjuðu haustið 2019 eru þeir fyrstu sem fara eftir marklýsingunni frá upphafi. Covid-19 faraldurinn hefur haft áhrif á námið undanfarna mánuði. Sérnámslæknarnir eiga að fara á frumumeinafræðina í Krabbameinsfélaginu og frumumeinafræðirótation á deildinni en Covid-19 faraldurinn hefur hamlað því. Smærri meinsemdir, s.s. húðsýni, eru í meira mæli skoðuð utan deildarinnar á einkarekinni rannsóknarstofu og kemur því minna af þeim fyrir vikið til skoðunar á Meinafræðideildinni. Samstarf við þessar tvær stofnanir er til staðar, en helst vegna flóknari tilfella, sem tekin eru fyrir á samráðsfundum meinafræðideildarinnar Til stendur að gera þetta samstarf formlegra. Ekki hefur verið komið á samstarfi þar sem sérnámslæknar fara á einkareknu rannsóknarstofuna.

Réttarmeinafræði hefur sér marklýsingu og ekki hluti af marklýsingu fyrir meinafræðina. Bæta þarf réttarkrufningum við almennar krufningar í sérnámsferlinu. Til skoðunar er að sérnámslæknar fari líka („róteri“) á réttarmeinafræðina. Enginn sérnámslæknir hefur verið þar enn sem komið er og síðan marklýsing fyrir þá sérgrein var samþykkt árið 2018.

Námsbók (loggbók) er notuð en er ekki á rafrænu formi. Til þess eru sérnámslæknar of fáir miðað við kostnað. Samkvæmt úttekt á loggbók kom fram að sérnámslæknar voru ekki að gera nóg af krufningum, en verið er að skoða hvernig hægt sé að bæta úr því. Sérnámslæknar vinna undir eftirliti og með sérfræðilæknum sem yfirfara allar greiningar.

Námslæknar hafa mikil samskipti við lífeindafræðinga á rannsóknareiningunum og kynnast skipulagi og ferlum á deildinni smátt og smátt, til viðbótar við formlega upphafskynningu. Líffræðingur hefur verið ráðinn til að sinna sýnaundirbúningi („úrskurði“) sem gefur sérnámslæknum aukinn tíma.

Klínísk tenging er ekki mikil, en er aðallega í tengslum við klíníska-meinafræðilega fundi (tumour board) og hefur annars ekki verið sérstaklega til umræðu. Mesti vaxtarbroddur í meinafræðinni í dag er greining á genastökkbreytingum í æxlum. Til stendur að sameindagreining í meinafræði verði flutt af meinafræðideildinni og gerð á sameindaerfðafræðideild þjónustusviðs. Forsvarsmenn námsins telja þetta ekki jákvæða þróun og eru uggandi yfir þeim breytingum sem þetta gæti haft á deildinni og þar með á námstækifærum sérnámslækna.

Sérnámslæknar hafa áheyrnarfulltrúa í kennslunefnd sem skipuð er fjórum fulltrúum. Þeir sækja fundi sem eru bæði faglegir og fræðilegir. Daglegir samráðsfundir eru á deildinni (sem þó hafa riðlast undanfarið vegna Covid-19). Kynnt var skipulag yfir fræðslufundi deildarinnar sem mismunandi sérfræðilæknar sjá um. Einnig er notast við rafrænt aðgengilegar fyrirlestraraðir um meinafræði ýmissa líffærakerfa.

Sérnámslæknarnir taka þátt í kennslu fyrir lífeindafræðinga og læknanema. Þeir hafa haft samningbundin tækifæri til að fara á fræðslufundi sem þeir hafa áhuga á, sem og námskeið erlendis sem talin eru mikilvæg. Ákvörðun um slíkt er tekin í samráði við handleiðara. Sérnámslæknarnir hafa sérnámsamning og tilgreindan handleiðara og fá tækifæri til að sinna gæða- og rannsóknaverkefnum. Kynntar hafa verið hugmyndir að rannsóknarverkefnum og var annar sérnámslæknanna búinn að velja sér verkefni. Sérnámslæknar vinna sjálfstætt en sérfræðilæknir fer yfir allt sem þau gera. Vaktir sérnámslækna eru alltaf með sérfræðilækni.

Einnig er verið að vinna að því að fá aðila frá Royal College of Pathologists til að taka út meinafræðideildina en heimsókn þeirra hefur frestast vegna Covid-19.

Framvinda náms er metin. Við mat á færni eru notuð úrskurður sýna (DOPS) og krufningar, tilfellaumræða (CBC) þar sem farið er yfir sýni og spurt út úr um þau og farið er yfir námsbók (loggbók). 360 gráðu mat (MSF) er einnig notað. Fyrirhugað er að vera með árlegt próf, en það hefur ekki hafist.

### **Viðræður við sérfræðilækna/handleiðara.**

Rætt var við handleiðarana Sverri Harðarson og Jurate Ásmundsson, sérfræðilækna. Í máli þeirra kom fram að þau telja að með marklýsingunni fái námslæknar mun fjölbreyttari þekkingu úr náminu en áður og viðhorf til kennslu („kúltúr“) hafi jafnframt breyst á deildinni. Mest hafa þau hitt námslæknana óformlega, en reiknað er með að það sé mánaðarlega. Hingað til hafa einungis verið 2 formlegir matsfundir (ARCP), þ.e. í september sl., en á að endurtaka í september nk..

### **Viðtöl við sérnámslækna.**

Rætt við sérnámslæknana Sólveigu Kristínu Guðnadóttur og Hauk Einarsson sem byrjuðu s.l. haust. Með þeim var einnig Alma Rut Óskarsdóttir kandidat sem byrjar í sérnámi á næsta ári en hún er núna á meinafræðideildinni og öðrum rannsóknæiningum spítalans í 12 mánaða „rótasjón“ sem hluta af kandidatsári.

Í máli þeirra kom fram að þau hefðu formlega námssamninga og tekið var á móti þeim með formlegum hætti og fengu 2 vikna aðlögun. Þau eru ánægð og er vel sinnt. Komið er fram við þau af virðingu og tillitssemi og samskipti ganga vel. Segja handleiðara áhugasama og hitta þá oft óformlega en þeir hafa líka kallað eftir gögnum og hitt þá formlega, sem þau vilja auka. Endurgjöf má bæta, m.a. um hvernig þeim tekst til í teymisvinnu. Þau voru ánægð með vinnuskipulag, námstækifæri og vaktir. Fá tækifæri til að kenna nemendum í lífeindafræði og læknisfræði. Fara á erlendan kúrs í nóvember og verða með verklega kennslu fyrir læknanema í haust. Þau eru með framtíðarplön og Haukur Einarsson er byrjaður í rannsóknarverkefni.

**Atriði sem notuð eru í mati á sérnámsstað** eru eftirfarandi stig (matið skáletrað, birt á skala frá 1 - 6 þar sem 1 = í mjög litlum mæli, 2 = litlum mæli, 3 = í nokkrum en þó minni mæli, 4 = í nokkrum en þó meiri mæli, 5 = í miklum mæli, 6 = í mjög miklum mæli, eða 0 = á ekki við):

1. Í upphafi náms var gerður skriflegur námssamningur með tilvísan í marklýsingu og megin markmið sérnámstilboðsins og með tilvísan í reglugerðina.

Athugasemd: *Hefur verið gert = 6.*

2. Sérnámslæknirinn fékk kynningu á væntanlegu starfssviði sínu m.t.t. mismunandi þátta og þrepa námsins og skipulags í sérnáminu, þ.m.t. inntaks námsins á upphafsári þess.  
Athugasemd: *Gert = 6.*
3. Námsleiðbeinandi/handleiðari (mentor) var skipaður í upphafi og var aðgengilegur fyrir sérnámslækninn, m.a. á reglubundnum samræðufundum um námsframvindu.  
Athugasemd: *Til staðar, en festa þarf betur í sessi formlega samræðu á mánaðar eða a.m.k. tveggja mánaða fresti um námsframvindu. Gagnsætt skipulag þarf á árlegum námsframvindufundum (ARCP) við lok hvers námsárs = 5.*
4. Leiðbeinendur (handleiðarar) hafa lokið viðeigandi leiðbeinandanámskeiði.  
Athugasemd: *Til staðar = 6.*
5. Námslæknir taldi eftirlit og áhuga leiðbeinenda/handleiðara fullnægjandi og að hann/hún hefði haft tækifæri til að ná þeirri hæfni/færni sem vænst var á viðkomandi námsstigi.  
Athugasemd: *Rætt, til staðar = 6.*
6. Endurgjöf var veitt þar sem og þegar við átti, þ.m.t. með ráðleggingum um námsframvindu.  
Athugasemd: *Rætt = 6.*
7. Ráðgjöf var veitt um samskipti við samstarfsfólk í öðrum sérgreinum læknisfræðinnar og hliðstæðum heilbrigðisvísindagreinum, og við samstarfsfólk í mismunandi störfum á vinnustaðnum.  
Athugasemd: *Verið rætt að nokkru og gerist að einhverju leyti en mætti vera meira = 3.*
8. Ráðgjöf var veitt um samskipti við yfirmenn og stjórnendur, og einnig opinbera aðila og stjórnvöld ef við átti.  
Athugasemd: *Rætt, gert ef tilefni er til = 3.*
9. Leiðbeiningar voru veittar um leiðtogahlutverk og það að taka að sér forystu í verkefnum, bæði í daglegum störfum, í kennslu og rannsóknastörfum.  
Athugasemd: *Rætt, viðleitni í þessa átt fyrir hendi = 4.*
10. Áhersla var á fagmennsku og að tileinka sér góða fagþekkingu, bæði grunnþekkingu og sérhæfðari atriði sérgreinarinnar.  
Athugasemd: *Rætt, að miklu leyti til staðar = 6.*
11. Námsækifæri í daglegum störfum voru nýtt.  
Athugasemd: *Rætt, til staðar = 6.*
12. Vinnuskipulag var gott og stuðlaði að því að ná markmiðum marklýsingar með hliðsjón af hæfni og þekkingarkröfum.  
Athugasemd: *Rætt. Stuðningur frá sérfræðilæknum er góður, þar með talið á vöktum = 6.*

13. Tími gafst í daglegri vinnutilhöggun til að eiga samtöl við kennslustjóra og leiðbeinanda/handleiðara, og vinnufyrirkomulagið stuðlaði að þekkingaröflun, bæði bóklega, með tækifærum til að geta sótt fræðslufundi og svipuð námstækifæri á deild/stofnun og í þátttöku í klínískum verkefnum til að víkka þekkingar- og reynslugrundvöll.  
Athugasemd: *Rætt, til staðar. Námstækifæri gefast í samráði við leiðbeinanda. Nokkuð góð samfella og leiðbeining er í bóklega-fræðilega náminu (ein megin kennslubók sem mælt er með og áskrift að fræðivef) = 5.*
14. Eru reglubundnir fræðslu- og námsfundir á vinnustað þar sem viðvera er nauðsynleg?  
Athugasemd: *Til staðar (net-fyrirlestraraðir og kennsla sérfræðilækna á fræðslufundum) = 6.*
15. Tækifæri til að sækja samningbundin námskeið og nýta námsleyfi voru veitt.  
Athugasemd: *Rætt. Námskeið utan deildar aðgengileg og leiðbeint um þau = 6.*
16. Tækifæri voru veitt til að taka þátt í kennslu nemenda og prófum.  
Athugasemd: *Rætt, til staðar = 6.*
17. Loggbók/námsskrá/ePortfolio var yfirfarin af leiðbeinendum.  
Athugasemd: *Rætt, til staðar, má bæta = 5.*
18. Leiðbeinendur, sérfræðilæknar og yfirmenn hafa verið aðgengilegir þegar á þurfti að halda.  
Athugasemd: *Rætt = 6.*
19. Námslæknar fá tækifæri til þátttöku í gæða- eða rannsóknarverkefni og læra meginatriði slíks starfs eins og við átti varðandi sérgreinina.  
Athugasemd: *Rætt, gert í miðjöfnum mæli = 4.*
20. Á námsstað er áhersla á gagnkvæma persónulega virðingu og sanngirni í samskiptum, teymisvinna gengur vel og tækifæri hafa verið veitt í því sambandi.  
Athugasemd: *Rætt = 6.*
21. Heildarmat námslæknis á vinnu- og námsstaðnum var fullnægjandi.  
Athugasemd: *Rætt. Báðir sérnámslæknar ánægðir. = 6.*
22. Heildarmat kennslustjóra og leiðbeinenda á námslækninum var fullnægjandi.  
Athugasemd: *Rætt. Fullnægjandi = 6.*

### **Heildareinkunn: 119 af 132 stigum**

*Endurmat: Við  $\geq 115$  stig eftir 2 ár, við  $\geq 85$  stig eftir 1 ár, við  $\geq 75$  stig eftir 6-8 mánuði. Stig  $\leq 74$  eru ekki fullnægjandi og úrbætur (með nýju mati ef við á) þarf til viðurkenningar námsstaðar.*

**Styrkleikar á námsstað:** Almennt er kennsla og umsjón með námslæknum góð, áhugi á að gera vel og efla námið. Það hefur aukist frá fyrra mati. Ágæt marklýsing er til staðar sem er kennurum og námslæknum kunn og er notuð. Sérfræðilæknar deildarinnar hafa flestir sótt kennslunámskeið. Mikið klínískt efni og teymisvinna er fyrir hendi sem góður grunnur námsins, fjölfagleg samvinna skilgreind og grunduð. Námsækifæri á deildinni, þ.m.t. í sérhæfðum rannsóknum, ónæmisfræðilegum og sameindafræðilegum aðferðum eru góð og í uppbyggingu. Góð dagleg nánd og samstarf er milli sérfræðilækna og sérnámslækna. Sérnámslæknar fá talsverða ábyrgð í starfi og í því er markviss hvatning. Loggbók og sértæk matsblöð eru til staðar, og námslæknar fá tækifæri til að sækja námsfundi á deildinni og utan hennar. Almennt er vakta- og vinnubyrði áscettanleg.

**Veikleikar námsstaðar:** Þó handleiðsla sé góð þarf meiri formfestu í fundum sérnámslækna með meginhandleiðara. Sérnámslæknar mættu kynna sér útlit meinsemda og sýnatöku á skurðstofum sem gæti aukið tengsl við klíniska læknisfræði spítalans. Þeir mættu hafa haft meiri ábyrgð á samráðsfundum með öðrum sérfræðilæknum spítalans. Námslæknar fara ekki á einkarekna rannsóknastofu þar sem mikið af smærri sýnum berst til skoðunar, en húðlæknir með meinafræðimenntun er í starfsliði deildarinnar. Nýta ætti námsstaðinn (Vefjarannsóknastofan, Suðurlandsbraut) þannig að sérnámslæknar kynnist sýnum sem þar eru höndluð, svo og frumurannsóknastofu Krabbameinsfélagsins til að veita aukna innsýn og reynslu í frumurannsóknum. Áhyggjuefni er að sameindafræðilegar rannsóknir, vaxtarbroddur meinafræðinnar, kann að vera að færast til innan rannsóknarþjónustunnar (sem er á sviði með miklu breiðari og óskyldri starfsemi) og það má ekki bitna á námsækifærum sérnámslækna. Áhyggjur hafa bæst við vegna óvissu um framtíð frumurannsóknar. Ekki hefur enn orðið af nýrri úttekt frá Royal College of Pathologists sem óskað hefur verið eftir (20 ár frá síðustu úttekt) og er æskilegt að af því verði sem fyrst. Erlend og utanadkomandi úttekt gæti varðað samskipti við aðrar greinar meinafræði (ónæmisfræði, lífefnafræði, sýklafræði) og einskorðað námið ekki aðeins við vefjameinafræði/réttarmeinafræði. Praktísk aðstoð fyrir kennslustjóra þarf að vera virk (ritari). Rannsóknar- og gæðaverkefni mættu hafa ákveðnari sess fyrir sérnámslækna.

**Heildarniðurstaða mats:** Marklýsing er góð og klínísk kennsla er í góðum farvegi. Skriflega samninga þyrfti við aðrar einingar/stofnanir sem gætu aukið við breidd námsins, námslæknum til víðsýnisauka. Ný úttekt frá Royal College of Pathologists á námsmöguleikum á rannsóknarþjónustunni allri væri vel fallin til að styrkja námið og bæta möguleika sérnámslækna til frekara náms.

Það er niðurstaða Mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015 að meinafræðideild rannsóknasviðs Landspítalans uppfylli skilyrði reglugerðarinnar til að teljast fullgildur námsstaður fyrir tveggja ára sérnám í meinafræði fyrir allt að fjóra námslækna. Endurmat þarf að tveim árum liðnum.

**Undirskriftir matsaðila og staðfesting fulltrúa námsstaðar:**

Reykjavík 14. 10. 2020:




Reynir Tómas Geirsson



Kristín Huld Haraldsdóttir



Jón Gunnlaugur Jónasson



Lárus Jónasson

X